

2021



# Menningararfurinn

## Stefna um varðveislu og aðgengi





**Mennta- og menningarmálaráðuneyti**

Sölvhólsgötu 4 – 101 Reykjavík  
545 9500 | [mrn@mrn.is](mailto:mrn@mrn.is)

Maí 2021

Ábyrgðarmaður: Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir,  
forstöðumaður Minjastofnunar Íslands.

Ritstjóri: Ásta Hermannsdóttir.

Ljósmyndir: Kvikmyndasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands  
- Háskólabókasafn, Listasafn Íslands, Minjastofnun Íslands,  
Náttúruminjasafn Íslands, Stofnun Árna Magnússonar  
í íslenskum fræðum, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn  
Íslands. Mynd á bls. 29 - Vigfús Birgisson.

© 2021 – Mennta- og menningarmálaráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>1. Formáli</b>	<b>4</b>
<b>2. Aðferðafræði</b>	<b>6</b>
2.1 Greining	6
2.2 Úrvinnsla	8
<b>3. Framtíðarsýn og hlutverk</b>	<b>11</b>
3.1 Heildarmynd	11
3.2 Framtíðarsýn	12
3.3 Hlutverk	13
<b>4. Stefnan</b>	<b>15</b>
<b>4.1 Stefnuáherslur</b>	<b>15</b>
4.1.1 Markmið 1: Sterkir innviðir	15
4.1.2 Markmið 2: Tengsl menningar- og menntastofnana	17
4.1.3 Markmið 3: Órjúfanlegur hluti af samfélaginu	18
4.1.4 Markmið 4: Alþjóðasamhengi og áskoranir	20
<b>4.2 Skipulagsáherslur</b>	<b>21</b>
4.2.1 Markmið 1: Samráð stofnana	21
4.2.2 Markmið 2: Samlegð og sóknarfæri	23
4.2.3 Markmið 3: Gæði og greiningar	24
4.2.4 Markmið 4: Aðkoma sveitarfélaga	25
<b>5. Forsendur öflugs starfs</b>	<b>27</b>



Stýrihópur stefnumótunar um menningararfinn

## 1. Formáli

Stefnan sem hér birtist er afrakstur vinnu sem leidd var af Minjastofnun Íslands og lauk sumarið 2020. Í 7. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er stofnuninni fengið það hlutverk að gera tillögu til ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um menningarminjar kemur fram að um er að ræða rammastefnu fyrir ríkisstofnanir sem allar hafa það markmið að stuðla að verndun íslensks menningararfs af ýmsum gerðum, ekki einungis menningarminja, og tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Við gerð stefnunnar var lögð áhersla á víðtækt samráð. Skipaður var stýrihópur þar sem sæti áttu fulltrúar þeirra átta stofnana sem nefndar eru í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum um menningarminjar og í lögum sjálfum. Auk þeirra var ákveðið að bjóða fulltrúum safnaráðs og mennta- og menningarmálaráðuneytis að taka þátt í vinnunni. Afraksturinn er heildarstefna sem nær yfir þau málafni menningarstofnananna sem eru þeim sameiginleg. Markmiðið er ekki að gera hér grein fyrir stefnu hvers stofnunar fyrir sig, heldur rammastefnu málaflokksins.

Stofnanirnar<sup>1</sup> sem mynduðu stýrihóp um vinnuna eru: Minjastofnun Íslands (stjórn-sýslustofnun á sviði menningarminja), Kvikmyndasafn Íslands (varðveislustofnun á sviði kvikmyndagerðar), Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (þjóðbókasafn Íslands), Listasafn Íslands (höfuðsafn á sviði myndlistar), Náttúruminjasafn Íslands (höfuðsafn á sviði náttúrufræða), safnaráð (stjórnsýslunefnd á sviði safnamála), Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (háskólastofnun er varðveitir handritasafn), Þjóðminjasafn Íslands (höfuðsafn á sviði menningarminja), Þjóðskjalasafn Íslands (framkvæmdaraðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar) og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ráðgjafafyrirtækið Stratagem var fengið til að skipuleggja verklag og nálgun og halda utan um vinnuna. Auk þess skipaði Minjastofnun sérstakan verkefnisstjóra sem fylgdi stefnumótuninni allan tímann.

Stofnanirnar starfa hver eftir sínum sérlögum og þrátt fyrir ólík hlutverk eiga þær allar, á einn eða annan hátt, að skilgreina hvað telst til menningararfs, varðveita, safna og auðvelda aðgang að menningararfinum, auka kynni þjóðarinnar af honum og greiða fyrir rannsóknnum. Það er gert með ýmsum hætti, svo sem sýningum, upplýsingamiðlun, rannsóknnum, með því að gera safnkost aðgengilegan fyrir vísindamenn og almenning, beita viðurkenndum varðveisluáðferðum og skráningu með stafrænni endurgerð og með því að huga að nýsköpun í starfsemi.

Stefnunni er ætlað að greina þætti sem eru sameiginlegir hjá stofnununum og skerpa á þeim atriðum sem mikilvægt er að þær vinni sameiginlega að. Það var mat stýrihópsins að hugtakið „menningararfur“ væri víðtækara en „menningarminjar“ og hæfði því betur þeim fjölbreyttu viðfangsefnum sem stofnanir tengdar stefnunni fást við. Er það hugtak því notað í stefnunni.

Leitað var til fjölmenns og fjölbreytts hóps álitsgjafa við vinnslu stefnunnar og gerð skoðanakönnun sem send var til fjölmargra hagsmunaaðila stofnananna.<sup>2</sup> Öllum þeim sem að vinnunni komu eru færðar innilegar þakkir fyrir. Án aðkomu þess stóra hóps sem gaf sér tíma til að ræða málin, koma skoðunum sínum á framfæri og veita upplýsingar, hefði vinnan við verkefnið ekki skilað jafn sterkri stefnu og raun ber vitni, og eins miklum samhljómi um stefnuna og raunin er.

---

<sup>1</sup> Þegar talað er um „menningarstofnanir“ eða „stofnanir“ í stefnuskjalinu er átt við þær stofnanir sem mynda stýrihóp vinnunnar.

<sup>2</sup> Yfirlit yfir þá helstu má sjá í kafla 2, Aðferðafræði.

## 2. Aðferðafræði

Verkefnið byggir á þremur skrefum; greiningu, úrvinnslu og innleiðingu. Hér verður gerð grein fyrir þeim hluta vinnunnar er sneri að greiningu og úrvinnslu.

### 2.1 Greining

Fyrsta skrefið var að greina stöðuna almennt á þeim viðfangsefnum sem snúa að menningararfinum.

#### Það var gert á eftirfarandi hátt:

---

##### > Skoðun gagna

Horft var til laga og reglna um menningararfinn og rýnt í margs konar fyrirliggjandi upplýsingar sem vörpuðu ljósi á stöðuna almennt. Leitað var eftir gögnum frá hinum ýmsu stofnunum, svo sem skýrslum og minnisblöðum af ýmsu tagi. Ýmsar vefsíður voru skoðaðar, rýnt í fjölda bóka, fjölmiðla og heimilda sem fjalla um menningararfinn. Til hliðsjónar voru hafðir alþjóðlegir samningar og samþykktir af ýmsu tagi, leiðbeiningar og skýrslur sem ritaðar hafa verið fyrir hin ýmsu svið menningararfsins, með áherslu á Evrópu og Norðurlöndin. Að endingu var horft til stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sem kveður á um fjölmargar áherslur sem tekið var tillit til í vinnunni sem og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og áherslna íslenska ríkisins í þeim efnum.

---

##### > Viðtöl við einstaklinga

Rætt var við á fjórða tug einstaklinga sem gegna veigamiklu hlutverki á ýmsum sviðum menningararfsins. Þessir aðilar eru: Meðlimir stýrihóps verkefnisins (sem flestir eru forstöðumenn sinna stofnana), fagsérfræðingar frá stofnunum stýrihópsins, sérfræðingar sem tengjast menningararfinum en standa utan stofnananna, svo sem aðilar innan Háskóla Íslands og annarra ríkisstofnana, auk álitsgjafa. Þetta voru trúnaðarsamtöl sem gáfu ráðgjöfum dýpt og skilning á stöðu mála og áhugaverðum viðfangsefnum til framtíðar.

---

##### > Rýnifundir

Haldnir voru rýnifundir sem stóðu í 2–3 klukkustundir hver og komu þátttakendur víða að. Fundað var með fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd saman, safnaráði á sérstökum fundi sem og völdu starfsfólki stofnana stýrihópsins. Auk þess var haldinn fundur með minjavörðum Minjastofnunar Íslands sem síðan stýrðu fundum minjaráða



á hverju minjasvæði og ræddu á þeim stöðu mála í verndun menningararfs á Íslandi í nútíð og framtíð. Lögð var áhersla á að fá yfirsýn yfir stöðu mála sem og skoðanir á helstu áskorunum og tækifærum til framtíðar. Um 100 manns voru boðaðir á rýnifundina.

---

## > Netkönnun

---

Framkvæmd var viðamikil netkönnun meðal fjölmargra hagsmunaaðila<sup>3</sup> sem tengjast menningararfinum á einn eða annan hátt. Könnunin stóð yfir frá 8. nóvember til 16. desember 2019 og var hlekkur á hana sendur beint á rúmlega 400 netföng einstaklinga eða stofnana. Auk þess var almennur hlekkur sendur til stjórnenda nokkurra stofnana og félagasamtaka og viðtakendur beðnir um að senda könnunina áfram til sinna aðila eða félagsmanna. Á þeim lista voru meðal annars áhugamannafélög, fagfélög, starfsfólk sveitarfélaga, starfsfólk safna af ýmsum toga og fólk í menntageiranum. Sérstakur póstur með hlekk á könnunina var sendur á formann Kennarasambands Íslands, forseta Bandalags Íslenskra listamanna og rektor Háskóla Íslands, með ósk um að áframsenda könnunina á þá sem þeir töldu hana eiga erindi við. Í heildina bárust rúmlega 300 svör við netkönnuninni.

Afrakstur þessa fyrsta skrefs greiningarvinnunnar var mikið magn upplýsinga og hjálpaði það við að draga upp skýra mynd af stöðunni. Auk þess komu fram fjölmargar skoðanir um þær áherslur sem ættu að einkenna framtíð menningararfsins. Á grunni þessara upplýsinga var mögulegt að spyrja lykilspurninga í næsta skrefi vinnunnar; úrvinnslunni eða stefnumótuninni sjálfri.

## 2.2 Úrvinnsla

Annað skref vinnunnar, mótun heildarstefnu um varðveislu menningararfsins, var unnið á grunni greiningarinnar. Þátttakendur í þessu skrefi voru fyrst og fremst meðlimir stýrihóps verkefnisins; Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Gunnþóra Halldórsdóttir, verkefnastjóri hjá Kvikmyndasafni Íslands, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður, Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs, Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður og Rúnar Leifsson, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti, auk Ástu Hermannsdóttur, verkefnastjóra hjá Minjastofnun Íslands, Þórðar Sverrissonar, ráðgjafa hjá Stratagem, og Sigurjóns Þórðarsonar, ráðgjafa hjá Stratagem.

---

<sup>3</sup> Hagsmunaaðilar eru skilgreindir sem allir þeir sem hafa beinan eða óbeinan „hag“ af því að menningararfurinn sé varðveittur og aðgengi að honum tryggt en eru utan stofnana ríkisins. Má þar nefna fræði- og vísindamenn, nemendur, sjálfstætt starfandi aðila, safngesti, notendur gagna o.fl. Stærsta mengi hagsmunaaðila er íbúar Íslands.



---

**> Vinnustofa 1**

---

Haldin var vinnustofa stýrihóps og ráðgjafa í heilan dag. Á fundinum fóru ráðgjafar yfir helstu niðurstöður rýnifunda, djúpvíðtala og skoðanakönnunar. Stýrihópur ræddi niðurstöðurnar í hópavinnu, skoðaði og mat greiningu ráðgjafa og fjallaði um þær lykilsurningar sem greiningin hafði leitt í ljós. Í kjölfarið voru áherslur stefnunnar ákveðnar sem og leiðarljós hennar til framtíðar.

Eftir vinnustofuna var unnið áfram með niðurstöður hennar og mótuð fyrstu drög að stefnuskjali, sem send voru á stýrihóp til skoðunar og rýni. Stýrihópur sendi sínar athugasemdir til baka til ráðgjafa.

---

**> Vinnustofa 2**

---

Vinnustofa var haldin með stýrihópi þar sem rætt var um ábendingar og athugasemdir sem borist höfðu frá fulltrúum stýrihópsins varðandi drög að stefnuskjali. Rætt var ítarlega um áherslur og efnisatriði í skjalinu. Í kjölfar fundar fengu meðlimir stýrihóps nokkra daga til að skoða stefnuskjalið enn betur og koma skriflegum athugasemdum til ráðgjafa.

---

**> Rafræn lokayfirferð stefnuskjals**

---

Stýrihópur rýndi í uppfært stefnuskjal og kom sínum athugasemdum á framfæri með tölvupósti til ráðgjafa. Ráðgjafar yfirfóru athugasemdir og lagfærðu skjalið. Að þessu skrefi loknu var skjalið talið efnislega tilbúið.

---

**> Vinnustofa 3 og lokafundur**

---

Í vinnustofu 3 með ráðgjöfum og stýrihópi var lokaskjalið kynnt og innleiðing rædd. Lagður var fyrsti grunnur að mögulegum aðgerðum með umræðu.

---

**> Yfirlestur og uppsetning**

---


Eftir prófarkalestur og lagfæringar stóð eftir endanlegt skjal: Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi 2020. Skjalið var sett upp og brotið um fyrir útgáfu.



## 3. Framtíðarsýn og hlutverk

### 3.1 Heildarmynd

Á myndinni hér að neðan má sjá niðurstöður stefnumótunarinnar settar fram á myndrænan hátt.





### 3.2 Framtíðarsýn

Framtíðarsýn lýsir þeirri stöðu sem stefnt er að og þeim áhrifum og árangri sem allir þeir sem koma að menningararfinnum vilja ná. Framtíðarsýnin er ekki miðuð út frá stofnunum á þessu sviði, heldur lýsir hún þeirri stöðu sem stefnt er að; þekkja, skilja og virða arfleifð, lifa hana og miðla henni.

---

Þjóð sem þekkir, skilur og virðir arfleifðina,  
lifir hana á hverjum tíma og  
miðlar henni til komandi kynslóða

---

### 3.3 Hlutverk

Í hlutverkinu felst meginkjarninn í starfi þeirra stofnana sem sameiginlega, en hver á sinn hátt, fást við menningararfinn. Af hverju eru þær til og hver er aflvakinn að baki starfsemi þeirra? Hver eru markmiðin á hverjum tíma? Hverju má ekki missa sjónar á og hverju á starfsemin í heild að taka mið af?

---

#### > Skrá

Skrá menningararfinn með kerfisbundnum hætti, hvort sem það eru áþreifanlegir hlutir eins og fornminjar, nýleg verk af ýmsu tagi, kvikmyndir, skjöl, listaverk og bækur, eða óáþreifanlegur arfur eins og þekking á handverki eða alþýðulögum.

---

#### > Rannsaka

Rannsaka menningararfinn þannig að þekking sé kortlögð og greind, og ályktanir dregnar til nýsköpunar, varðveislu og miðlunar.

---

#### > Safna

Skilgreina hvað telst til menningararfs, safna og halda því til haga sem á að varðveita og hefur gildi til framtíðar.

---

#### > Varðveita

Varðveita menningararfinn á þann hátt sem best hentar í hverju tilviki, hvort heldur sem er á efnislegu eða stafrænu formi.

---

#### > Veita aðgengi

Huga vel að hinum mörgu hliðum aðgengis, svo sem aðgengi að ákveðnum stöðum og hlutum, aðgengi að skrám og upplýsingum, aðgengi fræðasamfélagsins að rannsóknar-efnivíð og aðgengi að niðurstöðum rannsókna og skráninga.

---

#### > Miðla

Miðla upplýsingum og menningararfinnum sjálfum út í samfélagið til að styrkja sjálfsmynd og auka skilning á að menningararfurinn er órjúfanlegur hluti af tilveru þjóðar.



## 4. Stefnan

Stefnan byggir á tvennu. Annars vegar á margþættu hlutverki þeirra stofnana sem bera ábyrgð á verndun menningararfsins. Hins vegar á metnaðarfullri framtíðarsýn sem hefur rætur í fortíðinni en lítur jafnframt til samtímans og komandi kynslóða.

Stefnan birtist í stefnu- og skipulagsáherslum sem verða leiðarljós í starfsemi menningarstofnana næstu árin.

### 4.1 Stefnuáherslur

Stefnuáherslur skiptast í fjögur meginmarkmið, sem eru þær stoðir sem þurfa að vera fyrir hendi til að framtíðarsýnin rætist.

#### 4.1.1 Markmið 1: Sterkir innviðir

Mikið og gott starf hefur þegar verið unnið við verndun menningararfs á Íslandi en til að hrinda í framkvæmd metnaðarfullri framtíðarsýn þarf að tryggja öfluga innviði.

**Lykiláherslur tengdar þessu markmiði eru:**

---

#### > Skráning í forgrunni

---

Brýnt er að efla skráningu og innleiða rétt vinnubrögð við samræmingu og stöðlun. Sameining ólíkra upplýsinga í sameiginlegar skrár er jafnframt mikið hagsmunamál. Þótt margt gott hafi verið unnið á þessu sviði hefur vinna við skráningu menningararfs á margan hátt verið slitrótt og brotakennd hingað til. Mikilvægt er að kortleggja og gera áætlanir um skráningarstarf. Hér verður að gæta þess að ákveðið jafnvægi sé milli allra þátta menningararfsins.

Rannsóknir og varðveisla byggja á skipulegri og vel unninni skráningu sem er forsenda frekari vinnu. Án skráningar byggist allt það sem á eftir kemur á ótraustum grunni. Aðilar verða að taka höndum saman um að stórefla skráningu og vinna að samræmingu gagnagrunna og skráa.

---

#### > Öflugar rannsóknir

---

Rannsóknir á menningararfnum þurfa að vera öflugar og markvissar. Stofnanirnar hafa skilgreint rannsóknarhlutverk og þar er unnið fjölþætt rannsóknarstarf sem leggur grunn að vönduðum vinnubrögðum við verndun og miðlun menningararfsins. Rannsóknir eru forsenda þess að þjóðin fái sem gleggsta mynd af sögu sinni og arfleifð. Rannsóknir eru auk þess oft á tíðum hreyfiafl nýsköpunar, krafts og breytinga.



Öflugar rannsóknir eru forgangsmatiði, hvort heldur sem er innan stofnananna sjálfra eða utan þeirra. Huga verður að forgangsroðun rannsókna í samráði við fræðimenn á hverju sviði og gæta þess að rannsóknir og fræðastörf fái súrefni og næringu til að blómstra. Hver stofnun setur sína stefnu á sviði rannsókna í samræmi við hlutverk sitt og verksvið, auk þess sem akademískt frelsi er ríkjandi þáttur við ákvarðanir sem snúa að rannsóknum.

---

#### > Skipulögð varðveisla

---

Varðveisla er mikilvægur þáttur í starfsemi þeirra menningarstofnana sem koma að menningararfinum, svo sem minjasafna, listasafna, skjalasafna, bókasafna, kvikmyndasafna, náttúruminjasafna og handritasafna.

Búið verður vel að menningararfinum og aðstæðum hans. Varðveisluhús eiga að vera traust og sýningarsalir og vinnusvæði skulu uppfylla nútímakröfur um gæði, aðstöðu og umhverfisþætti. Einnig er mikilvægt að efla verulega varðveislu minja utanhúss, svo sem fornminja, húsa og mannvirkja.

---

#### > Aukið vægi nýsköpunar

---

Vægi nýrra aðferða í hvers kyns meðhöndlun, miðlun og umsýslu með menningararfinn verður aukið. Í nýrri tækni og aðferðafræði við skráningu, rannsóknir og varðveislu felast tækifæri til frekari þróunar. Tölvutækni og myndvinnsla, og ekki síst notkun snjalltækni, opna leiðir til að vinna með arfinn á nýjan hátt.

Sóknarfæri til að treysta vitund og virði menningararfsins enn frekar í sessi felst í breyttri sýn samfélagsins og aukinni áherslu á að meta að verðleikum það sem er að finna í nærumhverfinu. Ýmsir huglægir þættir í lífinu fá einnig meira gildi og aukin áhersla er lögð á gæði tíma, gagnvirkni, sýndarveruleika og upplifun.





#### 4.1.2 Markmið 2: Tengsl menningar- og menntastofnana

Auk nauðsynlegrar innviðaupbyggingar, sem nefnd er hér að framan, er mikilvægt að tryggja tengsl og flæði upplýsinga milli þeirra stofnana sem sinna menningararfinum og hinna fjölmörgu menntastofnana landsins.

**Lykiláherslur tengdar þessu markmiði eru:**

---

##### > Lifandi viðfangsefni í menntun

Tengsl við skólakerfið verða eflað með það að markmiði að auka virka nýtingu skóla á menningararfinum sem hluta af samtali og rýni innan skólanna. Aðgengi að menningararfinum verður styrkt á öllum stigum, í leik-, grunn-, framhalds- og háskólum, til að auka umræðu um menningararfinn og vinnslu verkefna í tengslum við hann.

Þarfir nemenda eru mismunandi eftir skólastigum. Þannig þurfa yngri skólastig annars konar þjónustu og miðlun en hin eldri. Huga þarf að þessum kröfum þegar þjónusta við skólana er skipulögð.

---

##### > Öflugt og einfalt aðgengi

Tryggt verður einfalt og gott aðgengi að sýningum, safnkosti, gögnum og rannsóknnum. Auk þess hafi menningarstofnanir fullnægjandi aðstöðu og bjargir til að veita öfluga þjónustu. Með því að efla þennan þátt aukast líkurnar á að menningararfurinn og umræða um hann verði samþætt þjóðarvitundinni.

---

##### > Aukinn þáttur í námskrám

Tryggt verður að menningararfurinn í sinni víðustu merkingu sé fléttaður inn í námskrár allra skólastiga. Þessi tenging er þegar til staðar en brýnt að styrkja hana enn frekar. Slík nálgun verður að vera heildstæð og það virði sem felst í arfinum fyrir Íslendinga sem þjóð skýrt. Enginn mun ljúka námi án þess að hafa þekkingu á og tilfinningu fyrir menningararfinum.



#### 4.1.3 Markmið 3: Órjúfanlegur hluti af samfélaginu

Menningararfurinn er órjúfanlegur hluti af samfélaginu á hverjum tíma. Hann er ekki einkamál stofnana og hópa sem vinna verk sín í kyrrþey, heldur er hann viðfangsefni fyrir virka, áberandi og mikilvæga þátttakendur í íslensku þjóðlífi á öllum tímum. Hann myndar málaflokk sem er í stöðugri þróun og lagar sig að breyttum aðstæðum.

**Lykiláherslur tengdar þessu markmiði eru:**

---

##### > Sterkari ímynd stofnana

---

Staða og ímynd þeirra stofnana sem sinna varðveislu menningararfsins og aðgengi að honum á einn eða annan hátt verður styrkt. Vægi þeirra verður þekkt og viðurkennt sem mikilvæg undirstaða íslensks samfélags. Liður í þessu er að skerpa á hlutverki hvernar stofnunar þannig að lykilaðilar í samfélaginu, ekki síst fjölmiðlar, viti hvert skuli leita þekkingar hverju sinni.

---

##### > Aukin vitund meðal þjóðarinnar

---

Vitund í samfélaginu um vægi og virði starfa sem snúa að menningararfinum verður eflid. Það þýðir öflugt fræðslustarf af ýmsu tagi og aukin athygli á það sem vel er gert. Með því að stórauka aðgengi almennings á öllum sviðum er þess gætt að menningararfurinn sé ekki einangraður og aðeins aðgengilegur fræðasamfélaginu. Með auknum sýnileika á öflugu vefsvæði stofnana, meiri umfjöllun í fjölmiðlum og betra aðgengi eykst vitund um starfsemina og mikilvægi hennar fyrir þjóðina.



---

### > Lifandi menningararfur

---

Menningararfurinn er bæði áþreifanlegur, líkt og gripir og bækur, og einnig óáþreifanlegur og til í huga einstaklinga, eins og verklag við að byggja torfbæi eða spila á langspil. Þessar tvær hliðar menningararfsins verða styrktar og fá aukið vægi með því að samþætta annars vegar efnislega muni og hins vegar þekkingu um notkun þeirra og sögu. Liður í þessu er til að mynda að nýta þekkingu um gamalt handverk til nýsköpunar og miðla þekkingunni um það áfram til komandi kynslóða.

---

### > Mikilvægi stafrænnar tækni

---

Stafræn tækni mun einkenna framtíðina og því er nauðsynlegt að nýta þau tækifæri sem þar skapast. Áhersla verður lögð á sýnileika og sterka sjónræna framsetningu á menningararfinum.

---

### > Öflug tengsl við áhugafólk

---

Grasrótin er mikilvæg og jákvætt að virkja orku og kraft sem til staðar er hjá áhugasömum einstaklingum sem láta sig ólíka kima menningararfleifðarinnar varða. Þessi tengsl verða eflð og þess gætt að fræðafólk virði áhuga og þekkingu grasrótarinnar. Skilgreind verða hlutverk, aðkoma og samvinna við áhugafólk, bæði félög og einstaklinga, á öllum sviðum menningararfs til að vinna að góðum verkum.

#### 4.1.4 Markmið 4: Alþjóðasamhengi og áskoranir

Nauðsynlegt er að horfa til alþjóðlegra tækifæra og áskorana þegar kemur að verndun menningararfsins og aðgengi að honum. Þeirra á meðal eru loftslagsbreytingar og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Haldið verður áfram að taka þátt í störfum alþjóða- og evrópskra samtaka sem fást við menningararf (ICOM, ICA, IFLA, EAC o.fl.) og vinna eftir stöðlum og stefnum sem mikilvægt er að hafa hliðsjón af. Önnur tækifæri eru meira staðbundin eða blanda beggja, til að mynda aukið flæði fólks, hvort heldur sem er tímabundið sem ferðamenn eða til lengri tíma með fastri búsetu.

#### Lykiláherslur tengdar þessu markmiði eru:

---

##### > Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

---

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru nokkurs konar leiðarljós um áherslur sem hægt er að fylgja til að bæta samfélagið. Heimsmarkmiðin hafa 17 yfirmarkmið sem greinast í 169 undirmarkmið. Almennt hafa stofnanir sem vinna með menningararfinn lagt áherslu á að horfa til heimsmarkmiðanna og taka mið af því sem aðrar þjóðir eru að gera á því sviði. Þeirri vinnu verður haldið áfram.

---

##### > Loftslagsbreytingar og forgengileiki

---

Menningararfurinn er að hluta til forgengilegur og því eru rannsóknir og skráning mikilvæg. Lögð verður áhersla á að sinna sérstaklega menningararfi sem hætta er á að hverfi. Má þar nefna fornleifar sem hverfa í sjó og hefðir sem eru við það að falla í gleysku. Mikilvægt er að skoða forgengileika í tengslum við stærri þætti, svo sem loftslagsbreytingar.

---

##### > Aukið samspil menningararfs og ferðamála

---

Vaxandi straumur ferðafólks til Íslands hefur reynt á innviði um land allt. Á sama tíma felast þar margvísleg tækifæri, til að mynda í gegnum menningartengda ferðaþjónustu. Skilgreind verða sérstaklega þau sóknarfæri sem tengjast ferðamálum, enda er menningararfurinn hluti af innviðum landsins og aðdráttarafli þess.

---

##### > Aukin áhersla á menningu innflytjenda

---

Um 13% íbúa á Íslandi eru erlendir ríkisborgarar. Ljóst er að þessi stóri hópur ber með sér nýja menningu og siði inn í samfélagið. Hann verður einnig fyrir áhrifum af þeirri menningu sem er til staðar. Markaðar verða áherslur og útfærslur um hvernig tekið er á móti þeirri menningu og munum sem fylgja nýbúum og afkomendum þeirra í samráði við fulltrúa þeirra.

## 4.2 Skipulagsáherslur

Skipulagsáherslur skiptast í fjögur meginmarkmið sem þurfa að vera til staðar til að styðja stefnuna og í raun tryggja að stefnunni verði framfylgt. Hér er að finna kraftinn sem drífur áfram verkefnin sem felast í stefnunni.

### 4.2.1 Markmið 1: Samráð stofnana

Þegar kemur að því að fylgja verkefnum eftir og hreyfa þau í þá átt sem stefnuáherslur og framtíðarsýn segja til um er lykilatriðið að gangverkið sjálft – stofnanauppbyggingin – virki. Draga þarf fram og greina kjarnahlutverk stofnana samkvæmt lögum. Með því skapast frekari tækifæri til að skoða samstarfsfleti og tækifæri til samlegðar, ekki síst hvað varðar stoðverkefni hverrar stofnunar. Stofnanirnar þurfa að eiga reglubundið samráð og hafa öflug tengsl við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

#### Lykiláherslur tengdar þessu markmiði eru:

##### > Öflugt stofnanaskipulag

Mikilvægt er að skipulag um menningararfinn sé skilvirkt og verkaskipting ljós. Gæta verður að því að ekki sé skörun og tvíverknaður á milli stofnana. Hér má nefna sem dæmi verkefni sem snerta geymslu, forvörslu og varðveislu muna sem gætu átt heima hjá fleiri en einu safni eða stofnun eins og skipulagið er nú. Ólíkum hlutverkum og verkefnum sem þarf að sinna verður að finna skynsamlegar heimahafnir og farveg. Þetta á einnig við um verkefni sem ná út fyrir sviðið, svo sem skörun á milli stjórnsýslu menningararfs og náttúru. Einnig má nefna úthlutunarreglur sjóða á vegum stofnana, svo ljóst sé hvert sækja eigi um stuðning við einstök verkefni.

##### > Mikilvægi allra stofnana

Gæta þarf að jafnvægi milli stofnana og málaflokka og að allar stofnanir njóti sannmælis og hafi burði til að sinna hlutverkum sínum, hvort sem þau eru víðfeðm eða afmörkuð. Allar stofnanirnar gegna mikilvægu hlutverki við að vernda menningararfinn og tryggja aðgengi að honum. Styrkja þarf það hlutverk og sjálfsmynd stofnananna.

##### > Öflugt ráðuneyti

Mennta- og menningarmálaráðuneyti sýnir í verki skilning, skilvirkni, stuðning og slagkraft í málefnum sem snúa að menningararfinum. Í því samhengi verður skert á samspili ráðuneytis og stofnana á sviði menningararfs, til að mynda með það fyrir augum að skýra hlutverk einstakra aðila. Um leið er sýn ráðuneytisins á hlutverk og verkefni þeirra fjölmörgu stofnana sem koma að menningararfinum styrkt, þannig að aðkoma að umsögnum og þátttaka í verkefnum sé rökrétt. Sameiginleg verkefni auka slagkraft málaflokksins með skýrri og sterkri löggjöf og auknum innri styrk.

---

**> Reglulegir samráðsfundir**

---

Tækifæri felast í að auka samlegð, verðmætasköpun og árangur með skipulögðu samtali stofnana sem koma að varðveislu menningararfsins og aðgengi að honum. Reglulegt samtal eykur skilning á starfi hvers og eins og dregur fram fleiri leiðir til samstarfs milli stofnana, svo sem skilvirkari leit að leiðum til að nýta fjármagn og aðrar bjargir betur. Að síðustu styrkir öflugt samráð tengsl við ráðuneyti og ráðherra. Skapaður verður sameiginlegur vettvangur fyrir menningarstofnanir þar sem fram fer samtal um málaflökkinn með ráðherra og ráðuneyti.



#### 4.2.2 Markmið 2: Samlegð og sóknarfæri

Kortlögð verða tækifæri til samlegðar milli stofnana í stoð- og fagtengdri starfsemi þar sem skörun á sér stað.

##### Lykiláherslur tengdar þessu markmiði eru:

---

###### > Aukin samlegð í fag- og stoðtengdri starfsemi

---

Samstarf verður aukið í fagtengdri starfsemi eins og forvörslu, rannsóknum, rafrænum geymslum, stöðlun vinnubragða, utanumhaldi upplýsinga, sérhæfðri fjargeymslu, skönnun, skráningu og afritun.

Samlegð í stoðtengdum verkefnum snýr að upplýsingamiðlun, lögfræðipjónustu, mannauðsmálum, öryggismálum, tæknimálum, rekstrarþáttum, fjármálum, fræðslu, sýningarrýmum og tengslum við samfélagið. Þarna liggja fjölmörg tækifæri sem mikilvægt er að finna og útfæra.

###### > Samnýting húsnæðis

---

Húsnæði skiptir miklu máli fyrir alla starfsemi, ekki síst þá sem þarf mikið eða sérhæft rými. Horft verður til tækifæra sem felast í að setja saman vinnusvæði þar sem fagfólk vinnur við hlið annarra fagstétta. Slík aðstaða skapar tækifæri fyrir fólk til að hittast, bæði formlega og ekki síst óformlega, eiga frjó skoðanaskipti og samráð og þetta raðir þeirra sem sinna menningararfinum.

###### > Aukin áhersla á stafrænar leiðir

---

Í vaxandi mæli einkennist umhverfi nútímans af stafrænum veruleika þar sem víða er unnið með mikið og fjölbreytt magn gagna. Margir þeir aðilar sem fást við menningararfinn eru smáir í sniðum og gætu notið stuðnings hver af öðrum þegar kemur að stafrænni uppbyggingu og lausnum, enda er slík vinna oft kostnaðarsöm og sérhæfð. Greina verður hvernig aðgengi á að vera háttað, til dæmis að stafrænu Íslandi, umsóknareyðublöðum, upplýsingamiðlun frá almenningi og mínum síðum. Byggðar verða brýr á milli gagnagrunna þannig að aðgengi gefi möguleika á heildstæðri, miðlægri nálgun og vinnu.

### 4.2.3 Markmið 3: Gæði og greiningar

Skipulag og agi í vinnubrögðum verða efld, ferlar skýrðir og gæði í starfseminni aukin. Einnig verður lögð áhersla á markvissari söfnun, tölfræði og greiningu til að styrkja innra starf.

**Lykiláherslur tengdar þessu markmiði eru:**

---

#### > Gæði, skýr ferli, skipulögð og vönduð vinnubrögð

---

Fagleg vinnubrögð sem styðjast við skilgreind gæðaviðmið og skýr ferli binda saman faglega vinnu, ekki síst í jafn viðkvæmu starfi og varðveisla menningararfsins og aðgengi að honum er. Lögð verður aukin áhersla á þennan þátt og hugað að skýrri aðkomu ólíkra aðila að verkefninu.

---

#### > Markviss nýting á tölfræði og greiningum

---

Innan málaflokksins er varðveitt mikið magn upplýsinga sem erfitt er að rýna í, setja fram á rökréttan hátt og draga ályktanir af til hagsbóta fyrir viðfangsefnið. Hér má finna tækifæri sem felast í að beita tölfræðilegum greiningum í meira mæli en gert hefur verið á ýmsa fleti menningararfsins, svo sem þróun og forspár um verndarstöðu tiltekinna þátta menningararfsins og hagrænt gildi hans fyrir samfélagið. Alþjóðleg tölfræði og aðferðafræði verður skoðuð í þessu samhengi.



#### 4.2.4 Markmið 4: Aðkoma sveitarfélaga

Sveitarfélög gegna mikilvægu hlutverki við varðveislu menningararfsins. Þau sjá um rekstur ýmissa safna, halda utan um yngstu tvö skólastigin, vettvangsskráning jarð- fastra menningarminja er að miklu leyti háð skipulagsvinnu sveitarfélaganna og svo mætti lengi telja. Mikilvægt er að sveitarfélögin komi að varðveislu menningararfsins á markvissan hátt og að þau séu meðvituð um hlutverk sitt.

#### Lykiláherslur tengdar þessu markmiði eru:

---

##### > Tengsl skipulagsmála og menningararfs

---

Skipulagsmál hafa mikil áhrif á menningararfinn og er mikilvægt að skipulagsyfirlöngun gerir sér grein fyrir þeim auði sem felst í menningararfinum og hvernig þau geta nýtt hann í sína þágu. Tækifærin felast í að huga tímanlega og á heildstæðan hátt að hinum fjölmörgu hliðum menningararfsins í tengslum við skipulagsmál, það er að samþætta sem flest þegar teknar eru ákvarðanir um skipulag, uppbyggingu og breytingar í umhverfinu.

---

##### > Markviss aðkoma

---

Aðkoma sveitarfélaga að varðveislu menningararfsins og aðgengi að honum verður markvissari. Sveitarfélögin koma nú þegar með virkum hætti að ýmsum þáttum menningararfsins, svo sem í gegnum byggðasöfn, bókasöfn og skjalasöfn. Aukin áhersla verður lögð á aðkomu sveitarfélaganna í tengslum við vinnu með heimafólki, til dæmis við að virkja áhuga og vilja til að gæta nærumhverfisins, sem og í skólastarfi.

---

##### > Sterkari staða safna

---

Hin fjölmörgu söfn sem er að finna um allt land þjóna mikilvægu hlutverki við að varðveita og miðla menningararfinum til fólksins; bókasöfn, skjalasöfn, minjasöfn, listasöfn og náttúrugripasöfn. Söfnin eru mikilvæg tenging við fólkið í landinu og á sýningum kemst fólk í tengsl við arfinn. Tækifæri eru til að styrkja þetta hlutverk safna í samfélaginu.



## 5. Forsendur öflugs starfs

Nokkrir þættir mynda forsendur öflugs starfs í tengslum við varðveislu menningararfsins og aðgengi að honum. Kalla má þessa þætti „aðgöngumiða að öflugu starfi“, þar sem þeir lýsa því sem verður að vera fyrir hendi til að ná sem bestum árangri.

**Þættirnir eru:**

---

### > Samstaða um hugtök og merkingar

---

Samstaða um hugtök og merkingar þeirra er forsenda vitrænnar og uppbyggilegrar umræðu. Hugtakið „menningararfur“ verður notað sem yfirheiti fyrir málaflokkinn og tryggir þannig sameiginlegt tungutak. Samstaða um hugtök og merkingar hjálpar til við að efla samstöðu og slagkraft í samfélaginu.

---

### > Menningararfur sem hluti af menningarstefnu

---

Eðlilegt er að stefna um varðveislu menningararfsins og aðgengi að honum sé hluti af heildstæðri menningarstefnu. Það þýðir að stefnuáherslur sem snúa að menningararfnum eru í samhengi við menningarstefnuna og þær áherslur sem þar er að finna. Menningarstefnan er ytri umgjörð og leiðarljós á heildina litið, en sértækar stefnuáherslur eru dýpkaðar í stefnu um varðveislu menningararfsins og aðgengi að honum.

---

### > Jákvætt viðhorf stjórnámamanna og ráðuneytis

---

Öflugt starf stofnana og annarra sem vinna með menningararfinn grundvallast á að stjórnámamenn og starfsfólk ráðuneyta hafi þekkingu og skilning á mikilvægi menningararfsins. Áhersla er lögð á að þekking og skilningur séu ávallt til staðar. Það er því mikilvægt að hlustað sé vel eftir sjónarmiðum fagfólks á sviði menningararfsins.

---

### > Jákvæðni almennings

---

Mikilvægt er að viðhorf almennings til varðveislu menningararfsins og aðgengis að honum einkennist af jákvæðni og velvilja.

---

### > Uppbyggileg afstaða og samhljómur

---

Miklu máli skiptir að sá stóri hópur sem kemur á einn eða annan hátt að menningararfnum sé samstilltur í því sameiginlega markmiði að gæta arfsins, gera hann lifandi og miðla honum til komandi kynslóða. Svo það náist er nauðsynlegt að stilla saman strengi og byggja upp sterka menningu innan málaflokksins. Efla þarf gagnrýna umræðu, skoðanaskipti, nýsköpun, samstöðu, samvinnu og samhljóm sem eykur slagkraftinn og styrkir jákvæða menningu.

---

**> Skýrt þjónustuhlutverk**

---

Allar stofnanirnar sem falla undir stefnu um menningararfinn hafa þjónustuhlutverki að gegna. Skerpa þarf á þessu hlutverki og kortleggja skýrar á hvern hátt á að veita íbúum þjónustu um málefni sem varða menningararfinn. Standa þarf vel að margvíslegri miðlun og upplýsingagjöf, lifandi fróðleik og svo framvegis.

---

**> Skýr hópur hagsmunaaðila**

---

Mikilvægt er að hafa skýra sýn á þá hópa – stundum kallaða hagsmunaaðila – sem á einn eða annan hátt tengjast stofnunum menningararfsins. Á þessu verður skerpt og skilgreindir þeir hópar í samfélaginu sem styrkja á samskipti og tengsl við með það að markmiði að skapa jákvæða vitund og áhuga.

---

**> Vitund um hagrænt gildi**

---

Auk samfélagslegs ávinnings felst fjárhagslegur fengur í að vernda menningararfinn og tryggja aðgengi að honum. Gerð verður tillaga að því að byggja upp og útfæra hagrænan mælikvarða á virði menningararfsins í því skyni að varpa skýrara ljósi á margvíslegt mikilvægi hans. Bæði verður hugað að beinum ávinningi, eins og fjölda starfsfólks á þessu sviði og afleidd störf, en ekki síður huglægum; þekkingu og kunnáttu sem felst í mannauðinum. Þótt flókið og snúið sé að finna mælikvarða er mikilvægt að umræðan sjálf leiði til meiri samhljóms um hagrænt gildi menningararfsins.



**SAFNARÁÐ**  
The Museum Council of Iceland



**STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR**  
í íslenskum fræðum



**ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS**



**NÁTTURU MINJASAFN ÍSLANDS**



**Listasafn Íslands**  
National Gallery of Iceland



**Kvikmyndasafn Íslands**



**ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS**



**Landsbókasafn Íslands**  
Háskólabókasafn



**Minjastofnun Íslands**



**Stjórnarráð Íslands**  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

